


Ólöf Garðarsdóttir phil.dr í sagnfræði
Eiríkur G. Guðmundsson
Þjóðskjalasafni Íslands

Varðveisla og úrvinnsla manntala

Lokaskýrsla til Nýsköpunarsjóðs námsmanna



Þjóðskjalasafn Íslands
September 2005



Gunnhildur Finnsdóttir við innslátt upplýsinga úr manntalinu 1901.

Ólöf Garðarsdóttir, phil.dr í sagnfræði

Eiríkur G. Guðmundsson
Þjóðskjalasafni Íslands

Varðveisla og úrvinnsla manntala Lokaskýrsla til Nýsköpunarsjóðs námsmanna

► Markmið

Meginmarkmið verkefnisins *Varðveisla og úrvinnsla manntala* er að vinna að gerð gagnagrunna með öllum upplýsingum úr íslensku manntölunum 1870, 1880 og 1901 og kóða upplýsingar úr manntölunum. Verkefnið er samstafsverkefni Þjóðskjalasafns Íslands og Ólafar Garðarsdóttur, en hún vinnur að verkefninu innan ramma alþjóðlegs rannsóknarverkefnis, North Atlantic Population Project. Eins og fram kom í umsókn til Nýsköpunarsjóðs er markmið þess verkefnis að safna rafrænum manntalsskrám nokkurra landa í einn grunn og vinna að samræmdri kóðun á grunnbreytum í því augnamiði að greiða fyrir samanburðarrannsóknnum á sviði sagnfræði (einkum fjölskyldu- og fólksfjöldasögu) og félagsvísindum en oft getur reynst erfitt að leggja stund á samanburðarrannsóknir milli landa vegna þess að gagnagrunnar eru oft afar ólíkir að uppbyggingu og lýsigögn með ólíku móti.

Nemendur, sem tekið hafa þátt í verkefninu, hafa séð um skráningu gagna og kóðun breyta í manntölunum 1870, 1880 og 1901. Vinnan hefur farið fram á Þjóðskjalasafni Íslands og safnið lagt til tölvukost og vinnuáðstöðu auk manntalsgagnanna og greitt hluta launa. Innsláttur gagnanna nýtist Þjóðskjalasafni vegna gerðar manntalsgrunns sem verður aðgengilegur á vef safnsins. Þá verður fræðimönnum veittur aðgangur að þessum upplýsingum og manntalsupplýsingum annarra þáttökulanda í hinu alþjóðlega verkefni í gegnum gagnagrunn Minnesota Population Center.

► Sumarvinnan 2005

Sumarið 2005 voru slegnar inn og kóðaðar upplýsingar úr manntölunum sem hér segir:

Úr manntalinu 1880	6.884 færslur
Úr manntalinu 1901	3.767 færslur
Samtals	10.651 færslur

Í lok ágústmánaðar 2005 hefur að fullu verið lokið við skráningu og kóðun manntalsins 1880 og er ráðgert að birta það á vef Þjóðskjalasafns Íslands síðar á þessu ári. Þá er lokið um fjórðungi af skráningu manntalsins 1901, en það manntal er talsvert umfangsmeira verkefni en hin tvö, bæði eru í því meiri upplýsingar en í eldri manntölum og svo er slegið inn eftir handskrifuðu frumriti á meðan innsláttur úr eldri manntölum hefur farið fram eftir vélrituðum afritum. Hvorttveggja gerir það að verkum að skráning þess manntals gengur hægar fyrir sig en skráning eldri, vélritaðra, manntala.

Þeir nemendur sem unnu að innslætti og kóðun gagnanna voru (í stafrófsröð):

290883-4319 Gunnar Marel Hinriksson, sagnfræðinemi
190677-3039 Gunnhildur Finnsdóttir, sagnfræðinemi
050580-3269 Pétur Ólafsson, sagnfræðinemi

Gunnhildur starfaði mest að innslættinum eða frá 1. júní til 12. ágúst í 70% starfi, Pétur starfaði í átta daga í júní og júlí og Gunnar Marel starfaði við innsláttinn í hluta-starfi í ágúst.

Annar umsjónarmanna verkefnisins, Ólöf Garðarsdóttir, kennir nú námskeið í fjölskyldusögu og sögulegri lýðfræði við Háskóla Íslands og stendur nemendum þar til boða að nýta gögnin við ritgerðarsmið.

► Verkumsjón

Umsjónarmenn hafa saman haft yfirumsjón með verkefninu hérlendis. Þeir hafa annast umsjón og eftirlit með gögnum eftir að innslætti er lokið. Umsjónarmenn eru:

Umsjónamaður 1:

Ólöf Garðarsdóttir, kt. 290659-7799
olof.gardarsdottir@hagstofa.is
Hagstofa Íslands
Borgartún 21a
150 Reykjavík
Sími: 528 1031 og 868 9772

Umsjónamaður 2:

Eiríkur Guðmundsson, kt. 010553-2539
eirikur@skjalasafn.is
Þjóðskjalasafn Íslands
Laugavegi 162
104 Reykjavík
Sími: 590 3330 og 820 3330

Daglega umsjón og verkaðstoð hefur annast Benedikt Jónsson starfsmaður Þjóðskjalasafns. Þá hefur hann með höndum skráningu á vinnutíma og fylgist með hversu innslætti miðar. Benedikt tekur við og varðveitir innslegnar skrár frá nemendum og færir í heildarskrá og fylgist þannig með framvindu innsláttar hvers manntals.

► Bókhald og fjárreiður

Þjóðskjalasafn Íslands hefur annast fjárreiður fyrir verkefnið og lagt út fyrir launum þeirra nema sem unnu að verkefninu í sumar. Launagreiðslur vegna verkefnisins fyrir tímabilið júní–ágúst 2005 hafa verið sem hér segir:

Kennitala	Nafn	Laun	Lt gjöld	Samtals
290883-4319	Gunnar Marel Hinriksson	153.598	21.340	174.938
190677-3039	Gunnhildur Finnsdóttir	254.813	35.401	290.214
050580-3269	Pétur Ólafsson	65.456	9.094	74.550
	Samtölur	473.867	65.835	539.702

Miðað við 110.000 króna mánaðarlaunaviðmið Nýsköpunarsjóð er hér um að ræða 4,9 mannmánaða vinnu (539.702/110.000). Umsjónarmenn verkefnisins fara þess á leit við Nýsköpunarsjóð að styrkur, sbr bréf Nýsköpunarsjóðs 02.05.2005, verði lagður inn á bankareikning Þjóðskjalasafns Íslands 1163-26-007102, kennitala 710269-1149.

Innslætti og kóðun gagna úr manntalinu 1901 verður haldið áfram veturinn 2005-2006 og munu Þjóðskjalasafn Íslands og bandaríski vísindasjóðurinn greiða launakostnað vegna þeirrar vinnu sem verður unnin af sagnfræðinemum við Háskóla Íslands.

► Samantekt

Framvinda verkefnisins í heild er þannig að innslætti manntalsins 1880 er lokið. Manntalið 1870 er langt komið, en talsverðar lagfæringar eru eftir á tölvuskráum sem slegnar voru inn erlendis. Þá er um fjórðungur manntalsins 1901 innsleginn. Þannig má lauslega áætla að innsláttarvinna vegna þessara þriggja manntala sé um það bil hálfnuð. Aðstandendur verkefnisins eru þó á einu máli um að ljúka verkinu og munu áfram leita til Nýsköpunarsjóðs í von um aðstoð við þetta mikilvæga verkefni fyrir innlend fræði sem alþjóðleg.

Reykjavík 23. september 2005

*Ólöf Garðarsdóttir phil.dr.
umsjónarmaður 1*

*Eiríkur G. Guðmundsson
umsjónarmaður 2*

Nemar sem störfuðu að innslætti:

Gunnhildur Finnsdóttir

Pétur Ólafsson

*Gunnar Marel Hinriksson,
sem er við nám í Þýskalandi,
hefur fengið skýrsluna senda
og sent staðfestingu í tölvupósti
sem fylgir hér með.*

Manntal 1. október 1880

232

BREIDABÓLSTADAR - sókn í SNÆFELLSNESS - sýslu

Viðaukaskýrsla A

um þá, sem staddir eru í sókninni, en eiga þar ekki heima

Bær eða hús	Fullt nafn	Aldur	Hjálakapur	Stétt, atvinna	Fæðingarsíð	Lögheimili	Athugasemdir
Emmuberg	Hannes Hannesson	75	Ó	á vergangi	Kvennabrekkusókn, V. A.	heimili óvíst	(Miðdalir)
Bíldhóll	Jónas Grímsson	54	G	bóndi	Snóksdalssókn	Bugur, Fróðársókn	
Borgir	Einar Einarsson	56	G	vinnumaður	Snóksdalssókn	Dunkurbakki	
Vörðufell	Eyvindur Jónsson	23	Ó	vinnumaður	Sauðafellssókn	Kaldakinn, Stórvatnshornssókn	
Keisbakki	Ásbjörn Jónsson	56	E	staða óviss	Presthólasókn, N. A.	heimili óvíst, var á ferð	
	Guðmundur Ásbjörnsson	14	Ó	sonur hans	Reynissókn, S. A.	eins	

Viðaukaskýrsla B

um þá, sem um stundarsakir eru utan sóknar

Bær eða hús	Fullt nafn	Aldur	Hjálakapur	Stétt, atvinna	Fæðingarsíð	Dvalarsíð um stundarsakir	Athugasemdir
Laxárdalur	Jónas Jóhannsson	27	Ó	sonur ekkjunnar	hér í sókn	við róðra í Ólafsvík	
Vörðufell	Guðm. Þorberg Þórðarson	11	Ó	tökudrengur	hér í sókn	Ytraleiti, Narfeyrarsókn	
	Ingibjörg Jónsdóttir	51	G	kona við bú	Hjarðarholtssókn	á ferð vestur undir Jökul	
Keisbakki	Jóhannes Jóhannesson	14	Ó	smalapiltur	Staðarsókn, N. A.	Reykjavík	
Valshamar	Jón Jónsson	22	Ó	bóndason	Narfeyrarsókn	til róðra á Ísafirði	
Gjarðey	Ingibjörg Þorkelsdóttir	52	G	kona	Víðimýrarsókn, V. A.	Reykjavík?	
	Magnús Benediktsson	9	Ó	sonur hennar	hér í sókn	Reykjavík?	
Breiðabólstaður	Katrín Ólafsdóttir	57	G	prófastskona	Flateyjarsókn, V. A.	í kynnisf. í Hjarðarholti, Laxárd.	
	Árni Snorrason	27	Ó	vinnumaður	Akrasókn, V. A.	til róðra í Elliðaey	
	Ólafur Guðmundsson	18	Ó	skólápiltur	Kvennabrekkusókn	Reykjavík	
Háls	Pétur Brandsson	38	G	vinnumaður	Sauðafellssókn	á ferð inn í Dali	

Síða úr vélrituðu eintaki manntalsins 1880.

Á næstu blaðsíðu má sjá opnu úr manntalinu 1901.

Sumarið 2005 voru upplýsingar úr báðum þessum manntölum slegnar inn í tölvuskrár á Þjóðskjalasafni Íslands.

Subject: Samþykki v/skýrslu

From: Gunnar Marel Hinriksson <gunnarhi@googlemail.com>

Date: Mon, 26 Sep 2005 16:36:15 +0200

To: benediktj@skjalasafn.is

Góðan dag.

Hér með samþykkir undirritaður efni og innihald skýrslu um manntalsinnslátt á vegum Þjóðskjalasafns Íslands sumarið 2005.

Gunnar Marel Hinriksson

kt. 290883-4319

Staddur í Tübingen, Þýskalandi.